



Reykjavík 11. nóvember 2025  
USK25100149

**Skipulagsstofnun**  
**Borgartúni 7b**  
**105 Reykjavík**

Vísað er til máls nr. 1400/2025 í skipulagsgátt, Sundahöfn – Lenging Sundabakka. Tilkynning til ákvörðunar um matskyldu. Skipulagsfulltrúi hefur farið yfir fyrirbyggjandi gögn frá Eflu, dags. 1. október 2025 og gefur eftirfarandi umsögn.

### **Framkvæmdarlýsing**

Í mars 2022 lauk umhverfismatsferli vegna landfyllinga og dýpkunar í Sundahöfn í Reykjavík. Fól það í sér lengingu Skarfabakka, nýjan Kleppsbakka, lengingu Sundabakka, lengingu Vogabakka, landfyllingu við Klettagarða og dýpkun á sjávarbotninum meðfram öllu hafnarsvæðinu.

Með nýjum áformum um Sundabraut, sem nú er í umhverfismatsferli, þar sem líklegt er að Sundabrá yfir Kleppsvík verði fyrir valinu, mun Vogabakki skerast í tvennt til móts við Holtaveg. Dregur það verulega úr lengd hafnarbakka í Sundahöfn og skerðir afkastagetu hafnarinnar. Til að mæta þeirri skerðingu hyggjast Faxaflóahafnir lengja Sundabakka enn frekar. Breytingin frá fyrra umhverfismati er að Sundabakki verður lengdur um 230 m frá fyrri áætlunum, og myndast við það 4,9 ha viðbótarlandfylling. Áætlað efnismagn sem þarf í landfyllinguna er um 700.000 m<sup>3</sup>

### **Áhrifapættir**

Framkvæmdin (lenging Sundabakka) felur í sér verulega viðbót við landfyllingar á Sundahafnarsvæðinu og eykur fastland innan viðkvæms strandsvæðis á mótum Elliðaárvogs og Viðeyjarsunds.

Svæðið er enn fremur í nálægð við náttúruuminjasvæði og fuglasvæði við Gufunes og Viðey og í um 400 m fjarlægð frá Elliðaárvogi sem er skilgreint sem mikilvægt fugla- og vatnssvæði.

Samlegðaráhrif við fyrirhugaða Sundabraut og önnur stórverkefni á svæðinu (s.s. dýpkunarsvæði, efnismóttöku og ný hafnarmannvirki) geta orðið veruleg og þá hefur viðbótin möguleg áhrif á vatnsstrauma, setflutninga og hljóðvist og eykur álag á svæði þar sem þegar hefur orðið mikið rask vegna uppbyggingar.



**Reykjavík**



### **Skipulagsleg atriði**

Þrátt fyrir að framkvæmdin sé í samræmi við stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 um eflingu ýmissa þátta í tengslum við hafnarstarfsemi, kallar hún á breytingu á aðalskipulagsupphætti (afmörkun stækkunar).

Að öllum líkindum er ekki þörf á aðgerðum á deiliskipulagsstigi en þó ættu Faxaflóahafnir að íhuga þann möguleika að stækka deiliskipulagssvæði Vatnagarða svo fyrirhuguð stækkun muni rúmast innan þeirrar áætlunar. Jafnframt, þar sem framkvæmdin er í beinum tengslum við stór samgönguverkefni, m.a. Sundabraut, er mikilvægt að áhrif þeirra séu metin í samhengi.

### **Niðurstaða**

Að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021, einkum um stærð, umfang, samlegðaráhrif og umhverfisaðstæður, telur skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar að framkvæmdin sé matsskyld og að rétt sé að hún fari í formlegt umhverfismat samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**  
Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar  
verkefnastjóri